

## Ráðstefna um leshömlun – nám og kennslu í framhaldsskólum

[Fjölbrautaskóli Suðurnesja](#) hélt ráðstefnuna [Dyslexía – nám og kennsla í framhaldsskólum](#) dagana 5. og 6. október. Ráðstefnan var hugsuð fyrir framhaldsskólakennara, kennara í efri bekkjum grunnskóla, námsráðgjafa, starfsmenn símenntunarmiðstöðva og aðra sem áhuga hafa á málefnum. Markmiðið með ráðstefnunni var að auka skilning á leshömlun og efla kennara í kennslu nemenda með leshömlun.

Ráðstefnan tókst í alla staði vel og voru ráðstefnugestir um 150 talsins hvaðanæva að af landinu. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir [menntamálaráðherra](#) setti ráðstefnuna og Rósa Eggertsdóttir, sérfræðingur á skólaþróunarsviði [Háskólans á Akureyri](#), hélt inngangserindi. Aðalfyrirlesari ráðstefnunnar var [Gavin Reid](#) dósent við [Edinborgarháskóla](#). Hann er einn helsti sérfræðingur Evrópu á sviði leshömlunar og hefur skrifað margar bækur um nám og kennslu nemenda með leshömlun.

Gavin Reid hélt mjög áhugaverða fyrirlestra báða dagana auk þess sem hann stýrði einni af átta smiðjum sem þátttakendur gátu valið á milli í framhaldi af erindunum. Hinum smiðjunum stjórnðu ýmsir innlendir sérfræðingar. Í smiðjunum var meðal annars fjallað um ýmsar kennsluáferðir og tækninýjungar sem nýtast nemendum með leshömlun vel. Má þar nefna tölvuna sem stoð- og námstæki nemenda, samvinnunám, notkun hugkorta, leshömlun og nám í erlendum tungumálum, læsi fullorðinna og kennsluáferðir fyrir nemendur með leshömlun. Á ráðstefnunni

var einnig kynnt íslensk útgáfa af lestrargreiningartækinu LOGOS en það er hluti af samnorðnu verkefni um þróun tölvutæks verkfæris til að greina lestrarerfiðleika.



Frá vinstri: Gavin Reid, dósent við Edinborgarháskóla, Ólafur Jón Arnþjórnsson, skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurnesja og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra.

### Aukin þátttaka íslenskra skóla í rafrænu skólasamstarfi í Evrópu

[eTwinning](#) heyrir undir Comenius hluta nýrrar [menntaáætlunar ESB](#) (Lifelong Learning Programme). Þátttaka í eTwinning er skólum að kostnaðarlausu en í staðinn fæst aðgangur að vefsvæði þar sem auðvelt er að leita samstarfsaðila, stofna til samstarfs og vinna verkefni með skólum í Evrópu. Jafnframt býður landsskrifstofa eTwinning, [Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins](#), stuðning og þjónustu endurgjaldslaut.

eTwinning er þannig góð og einföld leið til þess að auka vægi upplýsingatækni í kennslu. Sérstaða áætlunarinnar liggur einnig í því hve óformleg hún er. Hér er því kjörinn vettvangur fyrir þá sem vilja prófa sig áfram í Evrópusamstarfi með einföldum hætti, lausir við skrifinnsku og skýrslugerð.



Frá 17. september til 19. október hafa eTwinningvikur verið haldnar hátíðlegar víðsvegar um Evrópu. Tilgangurinn er að

vekja athygli á þessari einföldu en gagnlegu áætlun og hvetja kennara og skóla til þátttöku. Íslenskir kennarar hafa ekki látið sitt eftir liggja – mun fleiri skráningar hafa borist miðað við sama tíma á liðnu ári og þegar eru tíu verkefni komin í gang og fleiri í burðarliðnum.

Einnig sætir tíðindum að áætlunin hefur verið kynnt leikskólum landsins í fyrsta skipti. Þegar eru tvö verkefni komin á laggirnar, bæði hjá [Leikskólanum Furugrund](#) í Kópavogi.

Nánari upplýsingar um eTwinning og verkefni íslenskra skóla er að finna á vef landsskrifstofunnar: [www.etwinning.is](http://www.etwinning.is)

### Þjónusta við innflytjendur í framhaldsskólum

[Menntamálaráðuneyti](#) leggur nú mikla áherslu á að efla kennslu fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku í framhaldsskólum. Það er einkum gert til að minnka brottfall í þeirra hópi og auka aðsókn innflytjenda að framhaldsnámi.

Í lok september rann út umsóknarfrestur um styrki til sérþrárrar íslenskukennslu fyrir þennan hóp nemenda. Alls sóttu 19 framhaldsskólar um styrki úr sjóðnum. Umsóknirnar eru mjög fjölbreyttar og sýna að skólarnir eru að þróa margvísleg úrræði fyrir nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku. Sem dæmi má nefna námstilboð sem [Fjölbrautaskólinn í Breiðholti](#) hefur skipulagt fyrir nemendur úr hverfinu sem þurfa sérstaka aðstoð í íslensku. Þá er [Fjölbrautaskólinn við Ármúla](#)

með yfir 50 nemendur sem fá skipulega aðstoð við að aðlagast námi í íslenskum framhaldsskóla.

Guðrún Ögmundsdóttir var nýlega ráðin sem verkefnisstjóri yfir málaflöknum í menntamálaráðuneyti og mun vinna með framhaldsskólum að þróun námstilboða fyrir nemendur í framhaldsskólum með annað móðurmál en íslensku. Markmiðið er að auðvelda þessum nýju íbúum að aðlagast íslensku samfélagi.

### Frumvarp um símenntun í undirbúningi

[Menntamálaráðherra](#) hefur ákveðið að hefja vinnu við undirbúning frumvarps um sérlög fyrir fullorðinsfræðslu/símenntun.

Síðastliðið haust skilaði verkefnisstjórn um fullorðinsfræðslu/símenntun skýrslu til ráðuneytisins þar sem meðal annars var lagt til að sett verði lög sem tryggja fullorðnum einstaklingum sem hyggjast snúa aftur til náms rétt til að ljúka námi við hæfi á framhaldsskólastigi.

Í ráðuneytinu hefur verið farið vandlega yfir tillögur verkefnisstjórnarinnar. Í framhaldi af því hefur menntamálaráðherra ákveðið að láta vinna frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu/símenntun. Ákveðin undirbúningsvinna mun fara fram í ráðuneytinu en haft verður samráð við hagsmunaaðila á síðari stigum um samvinnu og aðkomu þeirra að þessu mikilvæga verkefni.

